

## FUNDARGERÐ

**Miðvikudaginn 11. júní 2014 kl. 10:30** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Í fjarfundarsambandi voru þeir Guðmundur Bjarnason formaður og Hermann Jón Tómasson. Fundinn sátu nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, varamaður Bjarkar Þorsteinsdóttur og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 19. mars 2014. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

### UPPGJÖR FRAMLAGS FRÁ RÍKI 2013

Lagt var fram til kynningar uppgjör Fjárýslu ríkisins, dags. 16. maí 2014, á framlögum ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2013. Þar kemur fram að innheimtar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2013 séu áætlaðar 489.515,4 m.kr. og að álagningarstofn útsvars fyrir tekjuárið 2012 hafi samtals numið 931.800,0 m.kr. samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkisskattstjóra.

Heildarframlög í Jöfnunarsjóð frá ríki á árinu 2013 námu 16.466,2 m.kr. Að teknu tilliti til greiðslna úr ríkissjóði á árinu 2013 að fjárhæð um 16.482,0 m.kr. og skuldar sjóðsins við ríkissjóð vegna ársins 2012 að fjárhæð um 4,2 m.kr. liggur nú fyrir að skuld Jöfnunarsjóðs við ríkissjóð í árslok 2013 nemur um 23,7 m.kr.

### FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

#### Hörgárbyggð – Umsókn um framlag vegna brunavarna

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hörgársveitar, dags. 10. apríl 2014. Í erindinu er óskað eftir 50% þátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í kostnaði að fjárhæð 18,9 m.kr. vegna framkvæmda við brunavarnir í Þelamerkurskóla sem fram munu fara á árinu 2014. Í tengslum við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar á árinu 2010 liggur fyrir samþykkt ráðgjafarnefndar frá 23. febrúar 2010 um þátttöku sjóðsins í kostnaði við þær framkvæmdir er lúta að því að uppfylla kröfur um brunavarnir í A-álmú Þelamerkurskóla.

Erindið var tekið til umfjöllunar á fundinum á grundvelli brunaskýrslu frá því í mars 2011 og sundurliðaðrar kostnaðaráætlunar frá verkfræðistofunni Eflu á Norðurlandi.

Að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við framkvæmdirnar og lýsingu á verkþáttum kom fram það mat nefndarinnar að um væri að ræða mun umfangsmeiri framkvæmdir við skólann en þær sem lúta beint að því að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um brunavarnir í A-álmú skólans.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin á fundinum að leggja til að 40% kostnaður við framkvæmdirnar teljist vera eðlilegt viðhald byggingarinnar en 60% sé kostnaður við að uppfylla kröfur um brunavarnir í A-álmú skólans. Að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við framkvæmdirnar að fjárhæð 18,9 m.kr. tæki 50% þátttaka sjóðsins því mið af 11,3 m.kr. og næmi allt að 5,7 m.kr.

Framlaginu er úthlutað á grundvelli heimildarákvæðis í b-lið 3. gr. reglna nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga sem rennur út í árslokinn 2014 hvað Hörgársveit varðar.

### FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

#### Sveitarfélagið Garður – Umsögn EFS

Á fundi ráðgjafarnefndar 19. mars sl. var lagt fram til kynningar erindi, dags. 10. mars 2014, frá Sveitarfélaginu Garði. Í erindinu kemur fram að sveitarfélagið hafi ekki uppfyllt fjármálareglur

sveitarstjórnarlaga síðustu árin hvað rekstrarniðurstöðu varðar. Í erindinu kemur jafnframt fram að bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs hafi á fundi sínum 6. nóvember 2013 samþykkt að ráða sérfræðing til þess að vinna að úttekt á rekstri sveitarfélagsins og leggja fram tillögur til hagræðingar í rekstri. Óskað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði vegna vinnu sérfræðingsins sem gæti numið allt að 5 m.kr.

Á grundvelli ákvæða í b-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 samþykkti ráðgjafarnefndin á fundinum 19. mars sl. að leggja til að óskað væri eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni Sveitarfélagsins Garðs um aðkomu Jöfnunarsjóðs að framangreindum kostnaði.

Umsögn Eftirlitsnefndarinnar hafði borist og var lögð fram til kynningar á fundinum. Í umsögninni kemur m.a. fram að þrátt fyrir að rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins sé neikvæð þá sé niðurstaða nefndarinnar að sveitarfélagið glími ekki við fjárhagserfiðleika með fyrirsjáanlegum greiðsluferfiðleikum. Niðurstaða Eftirlitsnefndarinnar er því sú að ekki séu forsendur til þess að mæla með framlagi í samræmið við b-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sá ráðgjafarnefnd sjóðsins sér ekki fært að verða við beiðni Sveitarfélagsins Garðs um aðkomu að kostnaði við úttekt á rekstri sveitarfélagsins og samþykkti því að leggja til að beiðninni væri hafnað.

## **VATNSVEITUFAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM**

### **Áætlaðar framkvæmdir á árinu 2014**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bændasamtökum Íslands, dags. 2. júní 2014. Erindinu fylgdi listi yfir þær vatnsveitufamkvæmdir á lögbýlum sem Bændasamtökin mæla með að hljóti úthlutun úr Jöfnunarsjóði á árinu. Á grundvelli reglugerðar nr. 973/2000 er um að ræða 44 styrkhæfar framkvæmdir og nemur samanlagður framkvæmdakostnaður þeirra 63,8 m.kr.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins að frádregnum umsýslukostnaði Bændasamtakanna má ætla að kostnaðarþátttaka sjóðsins geti numið um 34,5% gangi framkvæmdirnar allar eftir. Hins vegar má telja það ólíklegt miðað við reynslu fyrri ára og því gæti kostnaðarþátttaka sjóðsins orðið hærri þegar úttektir Bændasamtakanna á framkvæmdum ársins liggja fyrir.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlag að fjárhæð allt að 25,0 m.kr. kæmi til greiðslu á grundvelli c-liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á árinu 2014, sbr. reglugerð nr. 973/2000 að frádregnum umsýslukostnaði Bændasamtakanna. Jafnframt ítrekaði nefndin að forsendur fyrir úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði til framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum séu að lögbýlin hafi verið setin í a.m.k. tvö ár næst á undan framkvæmdarári og að þar sé stundaður hefðbundinn búskapur. Með tilvísun til þessa óskar nefndin eftir að tekið sé tillit til þeirra forsendna við tillögugerð Bændasamtakanna um úthlutanir framlaga til einstakra framkvæmda. Nefndin væntir tillagna Bændasamtakanna um úthlutanir framlaga vegna einstakra framkvæmda á árinu 2014 eigi síðar en 20. janúar 2015.

## **FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS**

### **Fjármagn til ráðstöfunar**

Á grundvelli uppgjors á lögbundnum framlögum frá ríki í Jöfnunarsjóð vegna ársins 2013 og ofgreiðslu framlaga á árinu 2013 nemur ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna á árinu 2014 um 3.416,1 m.kr.

### **Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaga ársins 2014**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2014 á grundvelli reglugerðar, nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps

sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Áætlað uppgjör er byggt á endurskoðuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 3.416,1 m.kr.

Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2014 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2013 ásamt upplýsingum um álagningarprósentur fasteignaskatts og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2014.

Hvað nokkur sveitarfélög varðar þá er álagning á tilteknar tegundir fasteigna (útihús, sbr. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga) önnur en álagningarflokkar A eða C segja til um. Í þeim tilfellum er fasteignamat og gamli álagningarstofninn aðlöguð að þeim álagningarhlutföllum sem upp eru gefin af sveitarfélögunum. Fasteignamatið og gamli álagningarstofninn eru því annað hvort lækkuð eða hækkuð eftir því sem við á. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Kópavogsbær, Garðabær, Reykjanesbær, Blönduósibær, Borgarfjarðarhreppur, Akureyrarkaupstaður og Seyðisfjörður.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð úthlutun framlaganna á árinu 2014 væri aðlöguð að áætluðu fjármagni til ráðstöfunar og næmi samtals 3.403,1 m.kr. Til greiðslu mánuðina febrúar til júní kom framlag samtals að fjárhæð 2.041,9 m.kr. Uppgjör framlaganna að fjárhæð 1.374,3 m.kr. verður greitt með þremur jöfnum greiðslum, 458,1 m.kr. í hvert sinn.

Við tillögugerð að úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## **FRAMLÖG VEGNA ALMENNRA HÚSALEIGUBÓTA**

### **Uppgjör framlaga 2013**

Með tilvísun til lækkunar á 2,12% framlaginu frá ríki á árinu 2013 varð um ofgreiðslu framlaga að ræða til sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2013, samtals að fjárhæð 26,7 m.kr.

Þar sem uppgjör framlaga til sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2013 hafði farið fram samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framangreind ofgreiðsla á árinu 2013 að fjárhæð 26,7 m.kr. kæmi til lækkunar á útgreiðslu geymslufjár vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2014.

### **Skil á eftirstöðvum framlags til ríkisins**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2013 er tilheyra aðlögun að nýju húsnæðisbótakerfi og eru alfarið endurgreiddar úr ríkissjóði. Að teknu tilliti til greiðslna sveitarfélaga og ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga vegna þeirra húsaleigubóta á árinu 2013 er um eftirstöðvar framlags frá ríki að ræða. Greiðsla á eftirstöðvum framlagsins mun fara fram þegar ársuppgjör Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2013 liggur fyrir ásamt betri upplýsingar um fjárþörfina á árinu 2014.

## **YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS ALMENN FRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA Svalbarðshreppur – Skólarekstri hætt**

### **Beiðni um óbreytt framlög á grundvelli heimildarákvæðis**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Svalbarðshrepps, dags. 14. maí 2014. Í erindinu kemur fram að sveitarstjórn Svalbarðshrepps hafi samþykkt að hætta skólahlaldi í Svalbarðsskóla og hafi farið þess á leit að nemendur úr sveitarfélaginu sækja skóla á Þórshöfn. Óskað er eftir að útreikningur á almennum framlagi til reksturs grunnskólans haldist óbreyttur næstu 5 ár.

Í 4. lið í A kafla 1. hluta 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla segir:

*„Leggi sveitarfélag niður skóla og nemendur hans eru færðir í annan eða aðra skóla geta sveitarfélög sótt um að skólar séu reiknaðir út eins og var fyrir breytingu. Fallist ráðgjafarnefnd á slíkt erindi skal ákvörðunin gilda í fimm ár.“*

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Svalbarðhrepps yrði tekið til greina og útreikningur almennra framlaga vegna Svalbarðsskóla héldist óbreyttur á árunum 2015 til 2019 að báðum árum meðtöldum.

## **FRAMLÖG VEGNA NÝBÚAFRÆÐSLU**

### **Tillaga að endanlegu framlagi 2014**

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 16. október 2013 samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að áætlað heildarframlag vegna nýbúufræðslu á árinu 2014 næmi um 180,2 m.kr. Ráðherra samþykkti þá tillögu nefndarinnar þann 18. október 2013.

Framlagið hefur nú verið tekið til endurskoðunar á grundvelli athugasemda frá sveitarfélögunum og nemur heildarfrjárhæð þess á árinu 2014 nú um 180,7 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endanlegt framlag vegna nýbúufræðslu á árinu 2014 næmi um 180,7 m.kr.

## **ÖNNUR FRAMLÖG**

### **Langveik börn**

#### **Skýrslur 2011-2012 og 2012-2013**

Á grundvelli samnings frá 12. september 2011 milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, annast borgin kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dvelja á sjúkrahúsum í sveitarfélaginu.

Á grundvelli 4. gr. samningsins ber Reykjavíkurborg að skila Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga árlega skýrslu um þjónustuna. Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu skýrslur frá borginni vegna skólaáranna 2011-2012 og 2012-2013.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlagðar skýrslur borgarinnar yrðu samþykktar.

### **Ytra mat grunnskólans**

#### **Stöðuskýrsla verkefnisins frá 9. janúar 2014**

Samkvæmt 7. gr. samstarfssamnings um þróunarverkefni um ytra mat á skólastarfi, sem Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Námsmatsstofnun og innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerðu með sér liggur nú fyrir stöðuskýrsla verkefnisins en verkefnið hefur staðið yfir frá ársbyrjun 2013 og lýkur í árslok 2014.

Að umfjöllun lokinni lýsti ráðgjafarnefndin yfir ánægju sinni með skýrsluna og verkefnið.

### **Beiðni um framlengingu á samningi frá 2013**

Á fundinum var lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. maí 2014. Í erindinu er vísað til framangreinds samnings um ytra mat grunnskólans sem unnið verður eftir til ársloka 2014. Í erindinu kemur jafnframt fram að í ljósi góðrar reynslu af verkefninu og almennrar ánægju sveitarstjórnarmanna og skólafólks í þeim skólum sem ytra matið hefur tekið til hafi framkvæmdastjóra verið falið á grundvelli samþykktar á stjórnarfundum Sambands íslenskra sveitarfélaga 31. janúar sl. að óska eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið með það að markmiði að festa samstarf ríkis og sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum varanlega í sessi. Í ljósi mögulegra breytinga á skipulagi og umgjörð matsmála m.a. vegna fyrirhugaðrar sameiningar Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar hafi ráðuneytið nefnt þá hugmynd að þróunarverkefnið verði framlengt um eitt ár. Með tilliti til þessa leitar Sambandið eftir afstöðu Jöfnunarsjóðs

sveitarfélaga til þess að gildandi samstarfssamningur vegna þróunarverkefnisins verði framlengdur um eitt ár og renni út í árslokin 2015 í stað 2014.

Að teknu tilliti til áætlunar um mat á 14 grunnskólum á árinu 2015 og 40% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs eins og áður, yrði um að ræða viðbótargreiðslu úr Jöfnunarjóði á árinu 2015 að fjárhæð 8,2 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggði til verkefnisins framlag að fjárhæð 8,2 m.kr. á árinu 2015 verði um framlengingu þess að ræða um eitt ár.

Framlagi yrði úthlutað á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 351/2001, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla en þar kemur fram í 3. lið greinarinnar að heimilt sé að ráðstafa fjármagni til sveitarfélaga og annarra aðila vegna einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist sveitarfélögum á landsvísu og eru til að bæta skólastarf og rekstur grunnskóla.

## **ÖNNUR MÁL**

### **Viðbótarstarfskraftur í sumar**

Gerð var grein fyrir að sumarstarfsmaður hefði verið ráðinn til sjóðsins og yrði starf hans aðallega fólgið í vinnu við málaskrá sjóðsins.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 12:00.

Boðað verður sérstaklega til næsta fundar.

Halldór V. Kristjánsson